

BRÁÐABIRGÐALÖG

67

um breyting á áfengislögum, nr 33 9. janúar 1935.

24. maí

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Dómsmálaráðherra hefur tjáð oss, að á sínum tíma hafi verið veitt heimild til að framleiða og selja hinu brezka setuliði, sem hér dvaldist, öl, sem hafði inni að halda meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli. Heimild þessi sé enn í lögum, en eigi ekki lengur við, og þyki því rétt að breyta henni á þann veg, að við geti átt um varnarlið það, sem nú dvelst í landinu.

Fyrir því eru hér sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

2. mgr. 6. gr. laga nr. 33 9. jan. 1935 orðist svo:

Þó skal ríkisstjórninni heimilt að leyfa tilbúning öls, sem hefur inni að halda meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli, til að selja hinu erlenda varnarliði hér á landi. Nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga, tollgreiðslu af ölinu, sölumeðferð, refsingar fyrir brot á þeim fyrirmælum og annað, má setja með reglugerð.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 92 9. júlí 1941.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. maí 1951.

Steingrímur Steinþórsson. Jón Pálmason. Gizur Bergsteinsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

BRÁÐABIRGÐALÖG

68

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa h.f. Hval innflutning á fjórum hvalveiðiskipum.

24. maí

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Atvinnumálaráðherra hefur tjáð oss, að h.f. Hvalur eigi kost á að kaupa fjögur norsk hvalveiðiskip, sem félag þetta hefur haft á leigu undanfarin ár, og enn fremur, að þar sem skip þessi séu eldri en 12 ára, en miklum vandkvæðum bundið að kaupa yngri skip til hvalveiða, og einnig sé um nýjan atvinnurekstur að ræða hér á landi, beri brýna nauðsyn til að heimild sé veitt til innflutnings skipanna, sbr. 38. gr. laga nr. 68/1947.